



# Ársskýrsla 2013



**STARFSMENNTASJÓÐUR**  
VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS



## Stjórn og starfsmenn

### Stjórn

Arndís Arnarsdóttir, SA

Lísbet Einarsdóttir, SA, formaður frá september

Ragnheiður Guðmundsdóttir, SA, Ólafur Finnbogason  
tók sæti hennar í september

Stefanía Magnúsdóttir, VR Fríður Birna Stefánsdóttir  
tók sæti hennar í september

Teitur Lárusson, VR, formaður til september

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, LÍV, Eiður Stefánsson tók sæti  
hennar í september

Starfsmenn sjóðsins voru Ástríður S. Valbjörnsdóttir  
og Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir.

Löggiltur endurskoðandi sjóðsins er Pálína Árnadóttir frá  
Deloitte og tók hún við af Björgu Sigurðardóttur um mitt ár.

Níu stjórnarfundir voru haldnir á árinu, þrjú vinnufundir  
vegna stefnumótunar og einn vinnufundur vegna  
verkefnisins Fræðslustjóri að láni.

## Um ársskýrsluna

Maí 2014

**Útgefandi:** Starfsmenntasjóður  
verslunar- og skrifstofufólks

**Ritstjórn og ábyrgð:** Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir

**Hönnun og uppsetning:** Tómas Bolli

**Prentun:** Oddi

## Hlutverk og markmið

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður á grundvelli kjarasamnings þann 14. maí árið 2000 á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og LÍV hins vegar.

Hlutverk Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks samanstendur af fimm atriðum, en þau eru:


1. Að auka starfshæfni og menntunarstig félagsmanna sjóðsins sem leitt gæti til virðisauka fyrir þá og fyrirtækin.
2. Að bæta samkeppnishæfni fyrirtækja sem greiða í sjóðinn með aukinni menntun starfsfólks.
3. Að stuðla að aukinni virðingu fyrir störfum í verslunar-, þjónustu- og skrifstofugreinum með því m.a. að styðja við áframhaldandi þróun náms fyrir þá sem starfa við þau.
4. Að hvetja félagsmenn til náms.
5. Að hvetja fyrirtæki til að hækka menntunarstig í fyrirtækjum.

Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til menntunar félagsmanna, styrkja aðildarfyrirtæki samtaka atvinnulífsins til starfs- og endurmenntunar starfsmanna, kosta námskeiðahald og námsefnisgerð. Iðgjald atvinnurekenda til sjóðsins er 0,20% af launum félagsmanna en aðildarfélögin greiða fjórðungs mótframlag af greiddu framlagi atvinnurekenda.

## Iðgjöld og styrkir


Iðgjöld og styrkir á verðlagi 2013

Mynd 1



Iðgjöld og styrkir á verðlagi hvers árs

Mynd 2



Myndirnar sýna þróun iðgjalda og styrkja á föstu verðlagi og á verðlagi hvers árs. Ef greina á þróunina er best að horfa á efri myndina. Hún sýnir að iðgjöld hafa hækkað um 6,7% að jafnaði á ári á tímabilinu og styrkir um 5%. Heildarhækkunin er því 92% fyrir iðgjöld og 63% fyrir styrki. Árið 2005 sker sig úr en það ár voru styrkir 7% hærri en iðgjöld (um 8,2 milljónir).

# Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

## Styrkir til félagsmanna

Sjóðsfélagar SVS tilheyra 12 stéttarfélögum sem mynda Landssamband íslenskra verzlunarmanna. Tölurnar sem birtar eru hér eru teknar úr gagnagrunni VR og endurspeglar því u.þ.b. 90% af úthlutuðum einstaklingsstyrkjum sjóðsins.

Á tímabilinu 2002–2013 tæplega tvöfaldaðist fjöldi greiddra styrkja. Á yfirliti sem sést á mynd 3 eru einstaklingar sem sækja um styrki innan sama árs taldir tvisvar og því er um heildarfjölda greiddra styrkja það ár að ræða.


Styrkir til félagsmanna námu samtals 197.3 milljón kr. Fjöldi greiddra styrkja til VR félagsmanna var 4.907 árið 2013 og fjölgaði um 177 styrki, eða 26,7%, frá 2012.

Sé horft til aldurs styrkþega árið 2013 er dreifingin á milli aldurshópa nokkuð jöfn eins og sést á mynd 4. Ef sú dreifing er borin saman við alursdreifingu sjóðsfélaga er yngri hópurinn þó duglegri að sækja styrki úr Starfsmenntasjóðnum. Stærstu upphæðir styrkja eru greiddar til aldurshópsins 25 ára til 35 ára.

Töluvert fleiri konur en karlar sækja um styrki úr sjóðnum, en fleiri konur eru sjóðsfélagar en karlar. Sé leiðrétt fyrir fjölda karla og kvenna sem greitt er af til sjóðsins eru konur engu að síður duglegri að sækja um styrki úr sjóðnum.


Einstaklingsstyrkir

Mynd 3




Fjöldi styrkja eftir kyni

Mynd 5



Dreifing styrkja eftir aldri 2013


Mynd 4




Meðalupphæð styrkja sem greiddir hafa verið úr Starfsmenntasjóði hefur hækkað að meðaltali um 4,2% á ári. Mynd 6 sýnir hvernig þróunin hefur verið frá árinu 2002. Hins vegar hefur verðbólgan verið þó nokkur á tímabilinu og þá sérstaklega 2008 og 2009. Þetta hefur leitt til þess að meðalupphæð styrkja á föstu verðlagi hefur dregist saman um 1,4% á ári að meðaltali eins og mynd 7 sýnir. Þróun síðustu þriggja ára sýnir að meðalupphæð styrkja á föstu verðlagi fer hækkanandi.

# Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins


Meðalupphæð styrkja á verðlagi 2013 Mynd 6




Heildarupphæð styrkja á verðlagi 2013 Mynd 8



Meðalupphæð styrkja á verðlagi hvers árs Mynd 7



Heildarupphæð styrkja á verðlagi hvers árs Mynd 9



Sömu sögu er að segja um heildarupphæð styrkja en hún hefur hækkað um 10,6% að meðaltali á ári frá 2002. Hluti af þessari þróun er aukin aðsókn í styrkina en greiddum styrkjum hefur fjölgað um rúm 6% á ári að meðaltali. Sé hins vegar leiðrétt fyrir verðlagsþróun eins og að ofan hefur heildarupphæð styrkja í raun haldist þar til óbreytt síðan 2005.

# Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

## Nám sem styrkt er fyrir einstaklinga

Í febrúar 2013 var farið að safna upplýsingum um gerð þess náms sem félagsmenn voru að sækja sýnir hvernig skiptingin var árið 2013. Stærsti hlutinn, eða 45,2%, nýtti styrki til háskólanáms, rétt yfir þriðjungur fór í óeiningabært nám og 18,8% í einingabært nám. Eftirfarandi tafla sýnir þær fræðslustofnanir sem voru mest sóttar af styrkþegum.

### Einingabært nám

Nýi tölvu-/viðskiptaskólinn  
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti  
Menntaskólinn í Kópavogi  
Tækniskólinn ehf.  
Fjölbrautaskólinn við Ármúla

### Háskólanám

Háskóli Íslands  
Háskólinn í Reykjavík ehf.  
Háskólinn á Bifröst ses.  
Háskólinn á Akureyri  
Starfstengt nám erlendis


### Óeiningabært nám

Leiðtogaþjálfun ehf.  
Promennt ehf.  
Háskóli Íslands  
Starfstengt nám erlendis  
Tækniskólinn ehf.

Starfstengt nám er styrkt 50% samkvæmt eldri reglum sjóðsins sem úthlutað var eftir árið 2013 og ekkert þak er á þeim svo lengi sem stigainneign er tilstaðar. Tómstundanám er einnig styrkt um 50% en að hámarki 30.000 kr. Þetta skýrir hvers vegna stærstur hluti styrkja er vegna starfstengds náms.


Tegund náms 2013

Mynd 10



Skipting styrkja 2013

Mynd 11





# Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

## Styrkir til fyrirtækja

Í stefnumótunarvinnu sjóðsins sem fram fór á árinu kom fram vilji til þess að kynna betur styrkjamöguleika fyrirtækja. Engu að síðu sóttu fjölmörg fyrirtæki styrki til sjóðsins sbr. eftirfarandi.

Styrkir til fyrirtækja námu samtals 12.3 milljón kr. Alls voru veittir 92 styrkir til fyrirtækja á árinu sem er um 50% aukning frá árinu á undan. Af þeim voru 78 styrkir veittir til fyrirtækja vegna námskeiðahalds en það er 63% aukning frá fyrra ári. Þetta er vísbending um að fyrirtæki séu farin að leggja meiri áherslu á fræðslumál starfsmanna sinna.

Dæmi um námskeið sem hafa verið styrkt:


- Excel-námskeið
- Forvarnarnámskeið
- Íslenskunámskeið
- Lyftaranámskeið
- Samskipti á vinnustað
- Skyndihjálp
- Starfsmannasamtöl
- Stjórnendanámskeið
- Sölu- og þjónustunámskeið
- Verkefnastjórnun
- Vinnuverndarnámskeið
- Vinnuvélanámskeið
- Þjónustunámskeið

Fyrirtæki á lækkuðu iðgjaldi voru 5 og fækkaði um eitt frá árinu áður. Stefnt er að því að fjölga þeim á komandi árum m.a. með aukinni kynningu og skýrum upplýsingum um umsóknarferlin. Veittir voru 9 styrkir til fyrirtækja sem fengu Fræðslustjóra að láni (FAL) eða einum fleiri en árinu áður. Fyrirtæki sem fengu Fræðslustjóra að láni:

IKEA	ALP Avis og Budget bílal.
Nói Síríus	Iceland Excursions
Kjörís	Byko
Elding	Norvik
CenterHotel	

Dreifing fyrirtækjastyrkja

Mynd 12



# Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

## Stefnumótun

Í upphafi árs var ákveðið að vinna að stefnumótun sjóðsins. Ráðnir voru ráðgjafar frá Expectus og hófst greiningarvinna með stjórn strax í upphafi árs. Haldinn var vinnufundur með tæplega 30 fulltrúum helstu hagsmunaaðila sjóðsins í byrjun maí og var markmiðið að fá fram sem fjölbreyttust sjónarmið þegar stefnan var mótuð. Í lok júní var lögð lokahönd á stefnumótunarvinnuna og ný stefna sjóðsins var samþykkt í stjórn hans.

Helstu atriði í nýrri stefnu sjóðsins eru eftirfarandi:

## Hlutverk

Hlutverk Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks samanstendur af fimm atriðum, en þau eru:

1. Að auka starfshæfni og menntunarstig félagsmanna sjóðsins sem leitt gæti til virðisauka fyrir þá og fyrirtækin.
2. Að bæta samkeppnishæfni fyrirtækja sem greiða í sjóðinn með aukinni menntun starfsfólks.
3. Að stuðla að aukinni virðingu fyrir störfum í verslunar-, þjónustu- og skrifstofugreinum með því m.a. að styðja við áframhaldandi þróun náms fyrir þá sem starfa við þau.
4. Að hvetja félagsmenn til náms.
5. Að hvetja fyrirtæki til að hækka menntunarstig í fyrirtækjum.

## Framtíðarsýn

Í framtíðarsýn sjóðsins birtist yfirlýsing um það hvernig stjórn sjóðsins sér starfsemi sjóðsins í framtíðinni. Sett voru markmið fram til ársins 2020 um þann árangur sem sjóðurinn á að ná og fyrir hvað hann á að standa.

Helstu atriði í framtíðarsýninni eru:

- Hlutfall styrkja af greiddum iðgjöldum vex samhliða aukinni kynningu á sjóðnum. Áhersla er á að styrkt nám sé vottað eða viðurkennt. Nám sem sjóðurinn styrkir eykur starfshæfni starfsfólks og stuðlar að aukinni samkeppnishæfni fyrirtækja.
- Aðhalds er gætt í rekstrarkostnaði og ekkert tap er af rekstri sjóðsins. Sjóðurinn beitir sér fyrir þróun náms

sem nýtist sjóðsfélögum og fyrirtækjum. Sú þróun er kostuð með fjárfestingatekjum sjóðsins.

- Gagnsemi styrkra verkefna er mæld og markvissar aðgerðir framkvæmdar til þess að auka ásókn í styrki og hækka menntunarstig sjóðsfélaga.
- SVS beitir sér fyrir því að auka virðingu fyrir störfum sjóðsfélaga og aukinni fagmennsku í þeim greinum sem þeir starfa við.
- Rík áhersla er lögð á skýrar úthlutunarreglur, gagnsæi í starfsemi sjóðsins og góða stjórnunarhætti.
- Starfsfólk sjóðsins veitir sjóðsfélögum og fyrirtækjum fyrirmyndarþjónustu og hefur frumkvæði að þróun náms í samráði við hagsmunaaðila.

## Gildi

Í stefnumótuninni voru sett fram þrjú gildi sem sjóðurinn ætlar að hafa að leiðarljósi í starfi sínu. Þau eru; sanngirni, virðing og sameiginlegir hagsmunir og mynda skammstöfun sjóðsins SVS.

**Sanngirni.** Reglur um úthlutanir eru skýrar og sanngjarnar og gagnsæi ríkir í starfsemi sjóðsins. Kröfur til fræðslu-aðila eru byggðar á málefnalegum grunni og studdar rökum. Afgreiðsla erinda er í samræmi við reglur sjóðsins.

**Virðing.** SVS ætlar að leggja sitt af mörkum til að auka virðingu fyrir verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum.

**Sameiginlegir hagsmunir.** SVS er sameiginlegt hagsmunamál launþega og atvinnurekenda. Sjóðurinn mun leitast við að uppfylla þarfir beggja hópanna og tryggja að námið verði til gagns bæði fyrir launþega og fyrirtækin.

## Mælanleg markmið

Stjórn sjóðsins hefur skilgreint ellefu mælanleg markmið fram til ársins 2020. Markmiðin taka mið af hlutverki og framtíðarsýn SVS. Með því að ná markmiðunum á að vera tryggt að framtíðarsýn sjóðsins nái fram að ganga. Markmiðin taka á helstu þáttum í starfsemi sjóðsins, svo sem fjármálum, viðskiptavinum og sjóðsfélögum, innra starfi sjóðsins og starfsfólki sjóðsins. Skilgreind hafa verið tvö lykilmarkmið, en þau eru að hlutfall styrkja af iðgjöldum hækki með hverju ári til 2020 og gagnsemi styrkra verkefna samkvæmt gagnsemiskönnun.



# Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

## Úrbótavinnustofa

Samfara stefnumótunarvinnunni fór fram úrbótavinnustofa meðal helstu hagsmunaaðila SVS. Þar fór fram opin og hreinskiptin umræða um helstu áskoranir í starfi SVS. Samtals kom fram 71 ábending um atriði þar sem úrbóta kann að vera þörf. Stjórn sjóðsins vann áfram með þessi 71 atriði, flokkaði og forgangsraðaði þeim eftir mikilvægi, setti tímamörk á lausn og skipaði ábyrgðaraðila á verkið. Að mati stjórnar voru mikilvægustu úrbótatækifærin eftirfarandi:

- Rekstrarfyrirkomulag sjóðsins
- Vöntun á viðurkenndu fagnámi fyrir fólk sem starfar í verslunar-, skrifstofu- og þjónustugreinum
- Verkferlar og verkaskipting milli stjórnar og starfsmanna
- Vöntun á miðlægum gagnagrunni sem þjónar öllum sjóðsfélögum
- Kynning og markaðssetning á sjóðnum

## Vinnudagur starfsmenntasjóða – Fræðslustjóri að láni

Haldinn var vinnudagur um verkefnið Fræðslustjóri að láni 19. nóvember 2013. Vinnudagurinn var haldinn í samvinnu við Landsmennt og Starfsafl, samstarfsjóði SVS. Á vinnudeginum var rætt um hlutverk starfsmanna sjóðanna, hlutverk ráðgjafanna og hlutverk stjórnenda fyrirtækjanna sem taka þátt í verkefnunum. Einnig var rætt hvernig fræðsluáætlanir ættu að vera og hvernig eftirfylgni ætti að vera háttað. Þátttakendur voru 21, þar af 9 ráðgjafar en aðrir voru starfsmenn eða stjórnarmenn sjóðanna. Í kjölfar vinnudagsins voru skilgreind nokkur atriði sem skerpa þarf á fyrir áframhaldandi þróun og framgang verkefnisins og er verið að vinna að þeim. Atriðin eru eftirfarandi:

- Skilgreina þarf hlutverk ráðgjafa
- Skilgreina þarf hlutverk starfsmanna sjóða
- Skilgreina þarf hvað á að vera í fræðsluáætlun
- Ákveða þarf hvað á að felast í eftirfylgni og hver á að bera ábyrgð á henni
- Finna þarf leiðir til þess að kynna verkefnið fyrir fyrirtækjum/stofnunum

## Nýjar reglur

Á árinu voru samþykktar nýjar úthlutunarreglur sjóðsins. Nýjar reglur eiga að gera félagsmönnum með lægri laun kleift að ávinna sér inn réttindi hraðar. Einnig er það von sjóðsins að nýju reglurnar hvetji félagsmenn til frekari þátttöku í símenntun.

Samkvæmt eldri reglum söfnuðu félagsmenn stigum eftir því hvað þeir höfðu í tekjur. Kerfið var því tekjutengt. Samkvæmt nýju reglunum fellur þetta stigakerfi úr gildi. Með nýju reglunum myndast réttindi í krónum eftir félagsgjaldi síðastliðna 12 mánuði og eru réttindi hlutfallsleg ef launahlutfall er lægra en 100%. Félagsmaður í fullu starfi getur fengið greiddan styrk að upphæð 90.000 kr. á ári að hámarki. Hægt er að safna styrknum í 3 ár og nýta þá 270.000 kr. fyrir eina samfellda námsleið. Ekki er hægt að safna upp umfram þá upphæð. Nýju reglurnar kveða á um að hægt sé að sækja um 75% af kostnaði við starfsnám en 50% af kostnaði við tómsundanám.

Um áramótin 2013-2014 hófst tveggja ára aðlögunar-tímabil, þar sem stefnt er að því að félagsmenn geti sótt um í Starfsmenntasjóðinn samkvæmt því kerfi sem hagnast þeim best. Þannig þeir sem eiga mörg uppsöfnuð stig í sjóðnum fá tækifæri til þess að nýta þau til ársins 2016 en á sama tíma fá þeir félagsmenn sem hagnast meira á nýju reglunum tækifæri til þess að sækja um samkvæmt þeim.

## Rekstrar- og þjónustusamningur SVS og VR endurnýjaður

Samningur á milli SVS og VR var endurskoðaður á árinu. Gerðar voru nokkrar meginbreytingar sem eru til þess fallnar að skýra betur þá þjónustu sem VR veitir sjóðnum auk þess sem gert er ráð fyrir hálfu stöðugildi til viðbótar við það sem fyrir var. Þá var greiðsla til VR áður hlutfallstala en er nú föst krónutala. Að síðustu er markmið með nýjum samning að leggja aukna áherslu á að kynna starfsemi sjóðsins fyrir fyrirtækjum og félagsmönnum s.s. með heimsóknum, hafa forgöngu um mótun og þróun námskeiða og auka skilning á mikilvægi starfsgreina félagsmanna.

# Rekstrarreikningur 2013

	Skýr.	2013	2012
Iðgjöld .....		307.660.817	282.527.391
Úthlutaðir styrkir .....	6	(209.723.720)	(184.800.354)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(17.786.643)	(10.044.792)
Innheimtukostnaður .....		(7.407.846)	(6.802.356)
Sérverkefni, kynningarstarf .....		(65.039)	(3.750.000)
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<u>72.677.569</u>	<u>77.129.889</u>
Fjármunatekjur .....	4	25.628.170	22.956.169
Fjármagnsgjöld .....	5	(1.662)	(3.333)
Fjármagnstekjuskattur .....		(4.421.093)	(3.704.152)
<b>Hagnaður ársins</b>		<u><u>93.882.984</u></u>	<u><u>96.378.573</u></u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2013

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>31. 12. 2013</b>	<b>31. 12. 2012</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	7	14.006.196	16.944.458
Verðbréfasafn .....	8	161.203.358	154.421.237
Handbært fé .....	7	369.034.072	274.026.650
<b>Eignir</b>		<u>544.243.626</u>	<u>445.392.345</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	9	539.099.576	445.216.592
Eigið fé		<u>539.099.576</u>	<u>445.216.592</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	10	538.540	175.753
Aðrar skammtímaskuldir .....	10	4.605.510	0
Skuldir		<u>5.144.050</u>	<u>175.753</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>544.243.626</u>	<u>445.392.345</u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Innborguð iðgjöld .....		300.252.971	275.725.035
Greiddir styrkir .....		(209.723.720)	(184.800.354)
Greiddur kostnaður .....		(17.851.682)	(13.794.792)
		<hr/> 72.677.569	<hr/> 77.129.889
Veltufé frá rekstri án vaxta			
Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun, (hækkun)		2.938.262	(4.372.305)
Rekstartengdar skuldir, lækkun, (lækkun)		4.968.297	(3.474.766)
		<hr/> 80.584.128	<hr/> 69.282.818
Handbært fé frá rekstri án vaxta			
Innborgaðir vextir .....		14.424.956	11.688.643
Greiddir vextir .....		(1.662)	(3.333)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<hr/> 95.007.422	<hr/> 80.968.128
Hækkun handbærs fjár .....		95.007.422	80.968.128
Handbært fé í upphafi árs .....		274.026.650	193.058.522
Handbært fé í lok árs .....		<hr/> <hr/> 369.034.072	<hr/> <hr/> 274.026.650









